

## **Sjálfsmatsskýrsla 2023 – 2024**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu.....	3
1.2	Almenn stefna og markmið .....	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans.....	4
2.1	Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun í Innu .....	4
2.2	Rýnihópur nemenda .....	5
2.3	Matsfundir/kennslumat.....	6
2.4	Áfangamat/sjálfsmat kennara .....	6
2.5	Stofnun ársins.....	7
2.6	Starfmannapúlsinn .....	7
2.7	Viðhorfskannanir meðal starfsfólks.....	7
2.8	Brotthvarf .....	7
2.9	Húsfundur .....	9
3	Tölulegar upplýsingar.....	9
4	Aðgerðir til úrbóta.....	11

## 1 Inngangur

### 1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþróaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarnám. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugum félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

### 1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþróaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarnám sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu.

### 1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2023-2024 voru starfsmenn 33 í 30 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 90% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2022	V2023	H2023	V2024
<b>Stjórnendur</b>	4	4	3	3
<b>Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu</b>	6	6	5	5
<b>Kennarar</b>	24	24	22	21
<b>Starfsfólk mötuneytis</b>	2	2	2	2
<b>Stuðningsfulltrúar</b>	1	1	2	2
<b>Alls:</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>34</b>	<b>33</b>

Tafla 1. Fjöldi starfsfólks

## 2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á [lögum um framhaldsskóla \(nr. 92/2008\)](#) og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru aðstoðarskólameistari, tveir kennarar og náms- og starfsráðgjafi. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir.


[Sjálfsmatsáætlun ársins 2022-2025 má sjá á vef skólans.](#)

### 2.1 Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun í Innu


Á haustönn 2023 var lögð stutt könnun fyrir nemendahópin til að kanna hvernig nemendur nýttu sér endurskiladaginn í september.

Líðan nemenda var könnuð með viðhorfskönnun í Innu í október og svöruðu 71% nemenda könnuninni sem samanstóð af fimm krossaspurningum og einni opinni spurningu. Markmiðið með könnuninni er að kanna líðan nemenda og viðhorf þeirra til skólans. Niðurstöður sýndu að 72% þeirra sem svöruðu könnuninni líður vel eða mjög vel í skólanum og 7% líður illa eða mjög illa. Þessar niðurstöður eru svipaðar og á síðustu haustönn þar sem hlutfall þeirra sem leið mjög vel eða vel var 74% og 5% sögðu að þeim liði illa eða mjög illa.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr tveimur af spurningunum í viðhorfskönnuninni:



Mynd 1. Líðan nemenda á skalanum 1-5



Mynd 2. Ánægja með að vera í FMOS á

skalanum 1-5

Þegar nemendur voru spurðir um álagið í náminu segja 39% það vera mikið eða mjög mikið miðað við 43% árið áður og 12% segja það lítið eða mjög lítið miðað við 13% H22. Spurt var hvort nemendur hefðu orðið varir við einelti og hlutfall þeirra sem segjast ekki hafa orðið varir við einelti hækkar en 93% nemenda hafa ekki orðið varir við einelti í skólanum.

## 2.2 Rýnihópur nemenda

Á haustönn 2023 var ákveðið að gera breytingar á rýnihópi nemenda með það fyrir augum að breikka þann hóp sem tekur þátt. Gert var samkomulag við kennara um að fá hóp nemenda til þátttöku og var litið þannig á að nemendur væru í raun að skila einu tímaverkefni. Fyrsti fundurinn var haldinn 25. september og var rætt um stoðþjónustuna á þeim fundi. Annar fundurinn var síðan þann 17. október og þá var rætt um vinnuálag í áföngum og þrepaskiptingu áfanga. Síðasti fundur annarinnar var haldinn 13. nóvember og

Þá var rætt um hvernig væri heppilegast að framkvæma kennslumat. Á vorönn, þann 13. febrúar, var einn rýnifundur haldinn og efni hans var leiðsagnarnámið.

Umræðuefni fundanna voru:

- Stoðþjónusta skólans
- Vinnuálag í áföngum og þrepaskipting
- Framkvæmd kennslumats
- Leiðsagnarnám

Það hefur reynst einstaklega dýrmætt að fá sjónarhorn nemenda á ýmiss mál og rýnifundir þessa skólaárs hafa verið mikilvægt innlegg í umræður sem starfsmannahópurinn hefur átt m.a. um þróun leiðsagnarnáms og þrepaskiptingu áfanga.

### 2.3 Matsfundir/kennslumat

Á haustönn voru haldnir matsfundir í 18 hópum hjá 5 kennurum. Matsfundir fara þannig fram að stjórnendur ræða við nemendur í þeim hópum sem skoðaðir eru hverju sinni um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað er eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður eru skráðar og hver kennari fær niðurstöðurnar afhentar og í kjölfarið er fundur með stjórnendum þar sem niðurstöðurnar eru ræddar. Í lok hvers matsfundar fá nemendur tækifæri til að tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta varðandi skólastarfið og á vinnudegi í lok annar er farið yfir slíkar athugasemdir og þarna koma gjarnan fram mikilvæg atriði sem hægt er að bregðast við og bæta úr. Á vorönn var lagt fyrir kennslumat í Innu hjá 7 kennurum í 21 hópi.

### 2.4 Áfangamat/sjálfsmat kennara

Í samvinnu við þá kennara sem voru í sjálfsmatshópi veturinn 2022-2023 var þróað eyðublað sem er ætlað fyrir kennara til að fylla út í lok annar til að leggja mat á áfangana sem þeir eru að kenna. Eyðublaðið var prófað af tveimur kennurum í lok haustannar og í framhaldinu voru gerðar smávægilegar lagfæringar á eyðublaðinu og ákveðið að gera aðra tilraun í lok vorannar og fá þá alla kennara með í prófunina. Matinu var skilað til skólameistara í lok annar og í framhaldinu verður tekið saman yfirlit yfir áfanga skólans. Markmiðið með þessu

er auka gæði skólastarfsins með því að hafa heildaryfirlit yfir kennda áfanga þannig að hægt sé að bregðast strax við ef eitthvað þarf að bæta.

### 2.5 Stofnun ársins

Á haustönn 2023 var könnunin Stofnun ársins send út til allra starfsmanna. Stjórnendur höfðu sett sér það markmið að vera í einu af tíu efstu sætunum í könnuninni eftir að hafa verið í 39. sæti árið 2022. Það gekk ekki eftir og 25. sætið var niðurstaðan árið 2023.

### 2.6 Starfmannapúlsinn

Á vorönn 2024 var ákveðið að leggja Starfsmannapúlsinn fyrir til að kanna líðan starfsmanna. Þetta er í fjórða sinn sem Starfsmannapúlsinn er lagður fyrir í skólanum. Könnunin var lögð fyrir starfsmenn skólans í byrjun mars og var svarhlutfallið 93%. Könnunin er í fimm flokkum; starfið, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun og opin svör. Niðurstöður úr könnuninni eru að flestu leyti lakari en í þeirri síðustu. Má þar til dæmis nefna minni ánægju með starfsandann, minni skuldbindingu til vinnustaðarins og minni ánægja með stjórnendur.

### 2.7 Viðhorfskannanir meðal starfsfólks

Sjálfsmatshópur og stjórnendur eru farin að nýta sér það í ríkara mæli að leggja stuttar kannanir fyrir starfsmannahópin til að fá álit þeirra á ýmsu sem varðar skólastarfið. Á skólaárinu 2023-2024 voru sendar út kannanir til að leggja mat á endurskiladag sem var í september og til að kanna hug kennara til Valtorgs sem hefð er fyrir að sé í upphafi val tímabilsins. Einnig var lögð fyrir könnun meðal kennara varðandi vinnu við breytingar á brautum skólans.

### 2.8 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og að það lækki á milli ára og er það í samræmi við markmið Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Eftir tvö ár þar sem lítið var að marka tölur um brotthvarf vegna áhrifa Covid 19 höfum við nú aftur sambærilegar tölur og getum borið þær saman við fyrri ár. Upplýsingar um brotthvarf sem birtast hér fyrir neðan eru skráningar um úrsagnir úr námi í Innu flokkað eftir ástæðum úrsagnar.



Ástæður brotthvarfs	Haust 2023		Vor 2024	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	3	10%	1	5%
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður				
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	1	3%	1	5%
Nám of erfitt	1	3%		
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Einelti				
Veikindi barna				
Fór í annan skóla			1	5%
Líkamleg veikindi				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	15	52%	13	65%
Persónulegar ástæður	6	22%	1	5%
Neysla/meðferð				
Andleg veikindi	2	7%	1	5%
Annað	1	3%	2	10%
<b>Samtals</b>				
	<b>29</b>	<b>100%</b>	<b>20</b>	<b>100%</b>

Tafla 2. Ástæður brotthvarfs



## 2.9 Húsfundur

Þann 24.4. var haldinn Húsfundur í sal skólans þar sem allir nemendur og allir starfsmenn voru boðaðir á fund. Þátttaka var góð og margar áhugaverðar hugmyndir komu fram. Farið var yfir niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal nemenda. Nemendur fengu hrós fyrir góða umgengni, vinnusemi og góð samskipti. Mötuneyti fékk mikið hrós og síðan voru ýmsar hugmyndir ræddar til að bæta nýtingu á útisvæði skólans.

## 3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2022	V2023	H2023	V2024
<b>KK</b>	143	122	131	102
<b>KVK</b>	137	114	129	109

Tafla 3. Skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2022	V2023	H2023	V2024
<b>1986-1997</b>	4	5	5	3
<b>1998</b>	9	5	3	4
<b>1999</b>	5	4	2	2
<b>2000</b>	8	4	4	3
<b>2001</b>	19	8	6	4
<b>2002</b>	32	27	22	13
<b>2003</b>	37	31	26	15
<b>2004</b>	53	46	34	17
<b>2005</b>	54	54	52	46
<b>2006</b>	58	51	52	49
<b>2007</b>	1	1	54	55
<b>Alls:</b>	<b>280</b>	<b>236</b>	<b>260</b>	<b>211</b>

Tafla 4. Skipting nemenda eftir fæðingarári



Heiti brautar	H2022	V2023	H2023	V2024
<b>Félags- og hugvísindabraut</b>	33	26	25	24
<b>Náttúruvísindabraut</b>	30	30	33	31
<b>Sérnámsbraut</b>	16	13	16	13
<b>Framhaldsskólabrú</b>	7	4		
<b>Framhaldsskólabraut</b>	48	42	55	26
<b>Opin stúdentsbraut, almennt kjörsvið</b>	106	88	95	78
<b>Opin stúdentsbraut, hestakjörsvið</b>	18	11	18	16
<b>Opin stúdentsbraut, Íþrótt- og lýðheilsukjörsvið</b>	18	19	18	23
<b>Opin stúdentsbraut, listakjörsvið</b>	4	3		
<b>Alls</b>	<b>280</b>	<b>236</b>	<b>260</b>	<b>211</b>

Tafla 5. Skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2022	V2023	H2023	V2024
<b>101-109</b>	13	8	26	11
<b>110-113</b>	75	66	60	60
<b>116/162</b>	4	3	1	5
<b>270-276</b>	147	126	138	105
<b>300</b>	6	2	6	4
<b>Annað</b>	35	31	29	26
<b>Samtals</b>	<b>280</b>	<b>236</b>	<b>260</b>	<b>211</b>

Tafla 6. Skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum



Brautskráningar	H2022	V2023	H2023	V2024
	24	27	31	19

Tafla 7. Brautskráningar

#### 4 Aðgerðir til úrbóta

##### Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir, Skólapúlsinn

Á haustönn var lögð fyrir viðhorfskönnun í Innu og var svarhlutfallið á 69%. Á vorönninni var könnunin Skólapúlsinn lögð fyrir og þar rétt náðist að fá lágmarkspáttöku þannig að niðurstöður fengjust. Með því að eyða þó nokkrum tíma í að hvetja til þátttöku náðist ágætis þátttaka eða rúm 77%. Það hefur komið vel út að vera með okkar eigin viðhorfskönnun aðra önnina og Skólapúlsinn hina. Það hefur reyndar reynst töluverð vinna fólgin í því að fá nemendur til að svara Skólapúlsinum en engu að síður finnst sjálfsmatshópi mikilvægt að taka þátt.

Markmið: Leita leiða til að auka þátttöku nemenda í skoðanakönnunum svo þær nýtist sem best í skólastarfinu.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

##### Matsfundir

Undanfarin ár hafa gæði kennslunnar verið könnuð ýmist með matsfundum eða kennslukönnunum. Vinnulagið hefur verið þannig að teknar eru þrjár annir í röð með hvorri aðferð fyrir sig. Á haustönn voru haldnir matsfundir hjá kennurum til að meta gæði kennslunnar.

Markmið: Halda áfram með blöndu af matsfundum og kennslukönnunum í Innu.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

### **Kennslukönnun**

Á vorönn var lögð fyrir kennslukönnun í Innu, fyrsta önnin af þremur í röð eins og skipulagið gerir ráð fyrir.

Markmið: Halda áfram með blöndu af matsfundum og kennslukönnunum í Innu.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

### **Áfangamat – sjálfsmat kennara**

Til að fá frekari upplýsingar um gæði kennslunnar í hverjum áfanga fyrir sig var útbúið eyðublað sem kennarar fylla út í lok annar og skila til skólameistara. Kennarar eru beðnir að leggja fram upplýsingar um fjölda nemenda sem ljúka áfanganum og með hvaða árangri auk þess að leggja mat á hvað tókst vel varðandi leiðsagnarmatið og hvað megi bæta. Þetta hefur reynst mikilvægt viðbót við þær upplýsingar sem matsfundir og kennslumat eru að veita.

Markmið: Halda áfram að þróa eyðublað fyrir áfangamat þannig að það nýtist kennurum og stjórnendum sem best og útbúa samantekt sem nýtist stjórnendum til samanburðar á milli anna. Nýta niðurstöður úr áfangamatinu í vinnu við endurskoðun allra áfangalýsinga skólans næsta vetur.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og verkefnastjóri.

### **Stofnun ársins**

Staða skólans í könnuninni Stofnun ársins var notuð sem einn árangursmælikvarði í stefnumótun skólans undir markmiðinu aukin starfsánægja. Markmiðin fyrir árið 2023 náðust ekki þó svo að staðan væri betri en árið á undan.

Markmið: Að skólinn verði í 1.-10. sæti í könnuninni Stofnun ársins árið 2024. Á haustönn er á dagskrá að fá sérfræðing til að vinna með stjórnendum að bættum starfsanda.

Ábyrgð: Stjórnendur.

### **Starfsmannapúlsinn**

Vinnustaðurinn kom ekki vel út í Starfsmannapúlsinum þetta árið og einungis tvö atriði sem komu betur út en árið á undan. Óöryggi og vantraust virðist ríkja í hópnum og augljóst að stjórnendur þurfa að bregðast við.

Markmið: Halda áfram að fá Starfsmannapúlsinn til að framkvæma viðhorfskannanir fyrir skólann. Fara í markvissar aðgerðir til að bæta starfsandann og auka traust á milli stjórnenda og annarra starfsmanna.

Ábyrgð: Stjórnendur.

### **Viðhorfskönnun meðal starfsfólks**

Þrjár stuttar kannanir um afmörkuð mál voru lagðar fyrir kennarahópinn á veturinn 2023-2024. Það hefur sýnt sig að stuttar kannanir af þessu tagi nýtast stjórnendum vel til að fá fram skoðanir alls hópsins og leggja mat á hvernig best sé að halda áfram.

Markmið: Halda áfram að nýta kannanir af þessu tagi til að tryggja að rödd allra heyrist.

Ábyrgð: Stjórnendur

### **Brotthvarf**

Það virðist sem ákveðinn stöðugleiki sé að nást varðandi brotthvarf nemenda. Á haustönn 2023 var brotthvarfið 11,1% og á vorönn 2024 var það 9,5%. Fyrir heimsfaraldurinn var brotthvarf í skólanum á bilinu 10-12% og það er því ánægjulegt að sjá að við virðumst vera komin á sama stað eftir að brotthvarf var komið í 19% á vorönn 2022.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf.

Ábyrgð: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar.

### **Rýnihópur nemenda**

Breytingar voru gerðar á því hvernig við nálgumst nemendur til að taka þátt í umræðum í Rýnihópi. Okkur tókst að fá fleiri nemendur að borðinu með breyttu vinnulagi og höfum hug að þróa það enn frekar. Haldnir voru 5 rýnifundir á skólaárinu og eins og áður eru þeir mikilvægur hlekkur í umræðunni og mikilvægt að fá sjónarhorn nemenda á ýmsar hugmyndir og breytingar sem voru gerðar á skólaárinu.

Markmið: Leita leiða til virkja fleiri nemendur í umræðu um kennsluaðferðir, skólabrag o.fl.

Ábyrgð: Stjórnendur og sjálfsmatshópur.

### **Húsfundur**

Húsfundir hafa frá stofnun skólans verið mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Húsfundirnir féllu niður í heimsfaraldrinum og það var ekki fyrr en á vorönn 2024 að þeir voru endurvaktir. Húsfundir eru mikilvægt tækifæri fyrir starfsmenn og nemendur til að koma saman og ræða málin.

Markmið: Setja húsfund á dagskrá næsta skólaárs.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

Björk Margrétardóttir, enskukennari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Hrafnhildur Þórhallsdóttir, ensku- og íslenskukennari

Svanhildur Svavarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi